

# Fornleifaskráning í Bolungarvík

vegna deiliskipulags í landi jarðarinnar Óss

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2019

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Inngangur .....                    | 3  |
| Tilgangur fornleifaskráningar..... | 3  |
| Aðferðafræði .....                 | 4  |
| Skrá yfir minjastaði .....         | 5  |
| Niðurstöður.....                   | 11 |
| Töflur.....                        | 12 |
| Kort.....                          | 13 |
| Heimildaskrá .....                 | 14 |

## Inngangur

Að beiðni Finnboga Bjarnasonar hjá tæknideild Bolungarvíkurkaupstaðar tók Ragnar Edvardsson að sér að skrá minjar í landi jarðarinnar Óss vegna deiliskipulags. Fornleifaskráning var gerð fyrir Bolungarvíkurkaupstað á árunum 1996 – 2000 og liggur sú skráning til grundvallar fyrir þessa skráningu.

Þar sem að fornleifaskráning Bolungarvíkurkaupstaðar var gerð fyrir rúmum 20 árum og talsverðar framfarir hafa orðið í fornleifaskráningu og landmælingum síðan þá, var talið nauðsynlegt að uppfæra skráninguna eftir núverandi stöðlum Minjastofnunar Íslands. Þó er nauðsynlegt að taka fram að fornleifaskráningin frá 1997 var uppfærð eingöngu innan jarðarinnar Óss.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngrípi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdarsvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

## Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í þrjá verkhluta, heimildakönnun, vettvangsvinnu og frágang og skýrsluskrif. Við heimildakönnun voru þeir staðir sem skráðir voru innan landamerkja jarðarinnar Óss árið 1997 teknir úr skránni. Síðan var farið yfir ritaðar heimildir sem geta gefið hugmynd um staðsetningu minjastaða, þ.e. jarðabækur, sýslu og sóknarlýsingar, byggðarsögurit, osfrv. Við vettvangsvinnu var farið á þá staði sem skráðir voru árið 1997. Punktur var mældur með Gps stöð á öllum minjastöðum og að auki voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp með Gps stöð. Við frágang var gögnunum hlaðið niður í tölvu og unnið

með þá í landupplýsingakerfinu Arcgis. Unnin voru punkta- og flakaskrár eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands (tafla 1).

## Skrá yfir minjastaði

### 139045-Ós

Í jarðabók Árna Magnússonar er Ós talinn 24 hundruð að dýrleika. Jörðin á land að Miðhlíð á Óshlíð og skiptir Miðhlíðin löndum Óss og Búða í Hnífsdal. Ós og Gil skipta löndum sínum framan við Núpinn í Syðridal. Tveir bæir eru nú á Ósi, Ós og Fremri Ós og er bara búskapur á Ósi. Fremri Ós byggðist á 20. öld. Öll tún á jörðinni hafa meira og minna verið sléttuð. Jörðin var fyrst fornleifaskráð árið 1997 af Ragnari Edvardssyni en heildarskráning fornminja í Bolungarvíkurkaupstað fór fram á árunum 1996 – 2000. Heimildarmenn fyrir skráningun fyrir Ós árið 1996 voru Kristján Högni Jónsson og Sunna Rey Sigurjónsdóttir.

#### 139045-1

**Sérheiti:** Ós

**Hlutverk:** Bæjarstaði

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** 634239N      309549E

**Staðhættir:** Bæjarstaði Óss stendur austast í Bolungarvík, austan Ósár og undir Óshyrnu. Bæjarstaðið sjálft liggur undir svonefndum Óshólum. Á bæjarstaðinu stendur íbúðarhús og nokkur útihús.

**Lýsing:** Gamla bæjarstaðinu hefur verið umturnað af 20. aldar byggingum og stóð gamli bærinn vestan við núverandi íbúðarhús og hefur íbúðarhúsið verið byggt að hluta yfir gamla bæjarstaðið. Engar fornminjar eru sýnilegar (Eldra skráninganúmer: ÍS-140:001).

**Hættumat:** Engin hætta.

#### 139045-2

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Óþekkt

**Staðsetning:** 634239N      309588E

**Staðhættir:** Bæjarstaði Óss er byggt upp við svonefnda Óshóla sem eru bæði norðaustan og suðaustan við bæinn. Suðaustan við íbúðarhúsið, í u.þ.b. 40 metra fjarlægð eru 3 rústir í hnapp og er nr.2 nyrsta rústin.

**Lýsing:** Rústin er ógreinileg, vel gróin og ekki er hægt að sjá reglulegt form á tóftinni (Eldra skráningarnúmer Ís-140:002).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-3

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Fjárhús-hlaða

**Staðsetning:** 634178N 309591E

**Staðhættir:** Bæjarstæði Óss er byggt upp við svonefnda Óshóla sem eru bæði norðaustan og suðaustan við bæinn. Suðaustan við íbúðarhúsið, í u.þ.b. 40 metra fjarlægð eru 3 rústir í hnapp og er nr.3 efst í hlíðinni á milli 2 og 4.

**Lýsing:** Rústin er grjóthlaðin og standa hleðslur mest í 0,10 metra hæð. Rústin er 18 metrar á lengd og 12 metrar á breidd. Svo virðist sem að grjóthlaðna rústin sé byggð á eldri rúst. (Eldra skráningarnúmer Ís-140:003).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-4

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Óþekkt

**Staðsetning:** 634167N 309581E

**Staðhættir:** Bæjarstæði Óss er byggt upp við svonefnda Óshóla sem eru bæði norðaustan og suðaustan við bæinn. Suðaustan við íbúðarhúsið, í u.þ.b. 40 metra fjarlægð eru 3 rústir í hnapp og er nr 4 syðsta rústin af 2 og 3.

**Lýsing:** Rústin er útflött, 12 metrar á lengd og 10 metrar á breidd, og grasi gróin. Ekki er hægt að átta sig á hlutverki rústarinnar en líklegt er að hér sé um útihús að ræða ekki íveruhús eins og var talið í skráningunni frá 1997 (Eldra skráningarnúmer Ís-140:004).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-5

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Byrgi

**Staðsetning:** 633461N 309418E

**Staðhættir:** Sunnan við bæjarstæði Óss stendur bærinn Fremri-Ós. Austan hans renna nokkrir ónefndir lækir niður hlíðina og yfir einn þeirra var byggt lítið byrgi.

**Lýsing:** Þegar byrgið var skráð árið 1997 sáust enn hleðslur en síðan þá virðist byrgið hafa hrunið og ekki mótur fyrir neinum reglulegum veggjum. Grjóthrúgan er um 1 x 1 metri að stærð (Eldra skráningarnúmer ÍS-140:005).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-6**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Stekkur

**Staðsetning:** 634210N 309634E

**Staðhættir:** Fyrir ofan bæjarstæði Óss eru Óshólar. Farið er upp hlíðina fyrir vestan bæjarhúsin og þá er komið að litlum stekk.

**Lýsing:** Þegar stekkurinn var skráður árið 1997 sást vel móta fyrir honum en síðan þá virðist stekkurinn hafa hrunið og gróið yfir hann. Nú mótast ekki fyrir neinum reglulegum veggjum. Minjasvæðið er um 5 x 4 metrar að stærð (Eldra skráningarnúmer Ís-140:006).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-7**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Öskuhaugur

**Staðsetning:** 634217N 309577E

**Staðhættir:** Bæjarstæði Óss stendur austast í Bolungarvík, austan Ósár og undir Óshyrnu. Bæjarstæðið sjálft liggur undir svonefndum Óshólum. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús og nokkur útihús. Vestan við sjálft íbúðarhúsið, í u.þ.b. 15 – 20 metra fjarlægð var öskuhaugur.

**Lýsing:** Þegar öskuhaugurinn var skráður árið 1997 hafði hann þegar orðið fyrir talsverðum skemmdum en svo virðist sem að það sem eftir var hafi síðan þá verið flatt út. Ekki sást til neinna fornminja (Eldra skráningarnúmer Ís-140:007).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-8**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Brunnur

**Staðsetning:** 634253N 309574E

**Staðhættir:** Bæjarstæði Óss stendur austast í Bolungarvík, austan Ósár og undir Óshyrnu. Bæjarstæðið sjálft liggur undir svonefndum Óshólum. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús og nokkur útihús. Milli fjóssins og íbúðarhússins er lítill skúr og inn í honum er brunnur.

**Lýsing:** Brunnurinn er lítill og grjóthlaðinn um 1 x 1 meter að stærð (Eldra skráningarnúmer Ís-140:008).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-9**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Fiskhjallur

**Staðsetning:** 634560N 309846E

**Staðhættir:** Óshólar standa norðaustan við bæjarstæðið og fremst og efst á þeim standa tvær grjóthlaðnar rústir með stuttu millibili.

**Lýsing:** Rústin er fernyrnd, 5 x 4 metrar að stærð, grjóthlaðinn og standa hleðslur í 1,10 metra hæð.

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-10**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Fiskhjallur

**Staðsetning:** 634492N 309718E

**Staðhættir:** Óshólar standa norðaustan við bæjarstæðið og fremst og efst á þeim standa tvær grjóthlaðnar rústir með stuttu millibili. Rúst nr 10 stendur í u.þ.b. 30 metra fjarlægð norður af rúst nr. 9.

**Lýsing:** Rústin er ferhyrnd, 6 x 5 metrar að stærð, grjóthlaðinn og standa hleðslur í 1 metra hæð.

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-11**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Stekkur

**Staðsetning:** 634500N 309876E

**Staðhættir:** Farið er yfir Óshóla í norðausturátt í átt að Óshyrnu og í u.þ.b. 200 metra fjarlægð í norðaustur frá rúst nr 10 er komið að stekk.

**Lýsing:** Stekkurinn er þríhólfur og eru tvær lambakrær sýnilegar norðanmegin. Stekkurinn er grjóthlaðinn, opinn í suðurátt og 7 x 4 metrar að stærð. Hleðslur standa í 0,10 metra hæð (Eldra skráninganúmer Ís-140:012).

**Hættumat:** Engin hætta.



### 139045-12

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Stekkur

**Staðsetning:** 634442N 309876E

**Staðhættir:** Farið er yfir Óshóla í norðausturátt í átt að Óshyrnu og í u.þ.b. 50 metra fjarlægð í hánorður frá rúst nr 11 er komið að litlum stekk.

**Lýsing:** Stekkurinn er grjóthlaðinn. Rétt sést móta fyrir neðstu hleðsluröðinni og er stekkurinn 13 x 7 metrar að stærð og er hleðsluhæð 0,60 metrar. (Eldra skráningarnúmer Ís-140:0011).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-13

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Hjallur

**Staðsetning:** 634319N 309656E

**Staðhættir:** Safnið Ósvör stendur við gamla þjóðveginn um Óshlíð og í hásuður frá Ósvör, upp á Óshólum er Hjallur.

**Lýsing:** Hjallurinn er grjóthlaðinn, 4 x 6 metrar að stærð og standa hleðslur í u.þ.b. 0,40 metra hæð (Eldra skráningarnúmer Ís-140:013).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-14

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Hjallur

**Staðsetning:** 634355N 309669E

**Staðhættir:** Safnið Ósvör stendur við gamla þjóðveginn um Óshlíð og í hásuður frá Ósvör, upp á Óshólum er hjallur. Gengið er frá hjalli nr. 13 í suðvestur, eftir Óshólum og í u.þ.b. 150 metra fjarlægð er annar hjallur.

**Lýsing:** Hjallurinn er eins og nr. 13, grjóthlaðinn, 5 x 5 metrar að stærð og standa hleðslur í u.þ.b. 0,50 metra hæð (Eldra skráningarnúmer Ís-140:014).

**Hættumat:** Engin hætta.

### 139045-15

**Sérheiti:** Ósvör

**Hlutverk:** Verstöð

**Tegund:** Heimver

**Staðsetning:** 634612N 309855E

**Staðhættir:** Ósvör var norðaustan við bæinn þar sem nú er minjasafnið Ósvör og stendur vörin norðan gamla þjóðvegarins um Óshlíð. Ósvör var heimræði bæjarins en áður fyrr fengu bændur úr nágrenninu að róa úr Ósvör. Ósvör var einnig þrautarlending fyrir verstöðina í Bolungarvík en þar var lent þegar ekki var hægt að lenda í Bolungarvík.

**Lýsing:** Í Ósvör standa nú 4 mannvirki, tvær grjóthlaðnar verbúðir, fiskhjallur og bátaspil. Verbúðirnar voru fyrst reistar í Bolungarvík um miðja 20. öld en síðan færðar út í Ósvör. Búðirnar eru nákvæm eftirlíking af þeim búðum sem stóðu í Bolungarvík á seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld. Þær voru reistar eftir lýsingum manna sem byggðu og bjuggu í slíkum búðum. Rudda vörin í lendingunni var upphaflega gerð um aldamótin 1900 og er reglulega viðhaldið. Ekki sést til neinna forminja (Eldra skráningarnúmer Ís-140:015).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-16**

**Sérheiti:** Landbúavör

**Hlutverk:** Heimild

**Tegund:** Þjóðsaga

**Staðsetning:** 634824N 310137E

**Staðhættir:** Norðaustur af bæjarstæði Óss stendur Óshólaviti þar sem gamli þjóðvegurinn beygir inn á Óshlíð. Beint fyrir neðan vitann er grýtt fjara og þar segir þjóðsaga að þaðan hafi Landvættur róið til fiskjar.

**Lýsing:** Ekki sést til neinna forminja (Eldra skráningarnúmer Ís-140: 016).

**Hættumat:** Engin hætta.

**139045-17**

**Sérheiti:** Marðareyri

**Hlutverk:** Heimild

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** 632657N 308999E

**Staðhættir:** Farið er í suðurátt frá Ósi í átt til Syðridalsvatns. Þegar komið er að þeim stað þar sem Syðridalsá rennur úr vatninu er haldið áfram meðfram vatninu austanmegin. Í u.þ.b. 400 metra fjarlægð þar sem Syðridalsá upptök sín er lítil eyri sem heitir Marðareyri. Á þessari eyri er lítið þúst sem samkvæmt heimildarmanni er leifar mannvirkis.

**Lýsing:** Ekki sést til neinna forminja (Eldra skráningarnúmer Ís-140: 018).

**Hættumat:** Engin hættu

**139045-18**

**Sérheiti:** Kálfadalur

**Hlutverk:** Verstöð

**Tegund:** Útver

**Staðsetning:** 633544N 312030E

**Staðhættir:** Farið er út úr Bolungarvík og út á Óshlíð. Þar sem fyrst sést til Krossins a hliðinni stóðu verbúðir. „Í Óslandi undir Ósshlíð milli Óss og Hnífsdals heitir Kálfadalur. Þar er verstaða, og standa nú 6 búðir, en ein, hin 7unda, er nýlega af grjóthruni aftekin, Þangað fara um vertíð ýmsir menn úr fjörðunum fyrir sunnan Ísafjarðardjúp og liggja þar til fiskafla og gefa toll,...” (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940).

**Lýsing:** Ekki sést til neinna forminja þegar vegurinn til Bolungarvíkur var gerður var rutt yfir verbúðirnar (Eldra skráningarnúmer Ís-140: 016).

**Hættumat:** Engin hættu

## Niðurstöður

Við uppfærslu á GPS mælingum frá 1997 kom í ljós að talverð skekkja var á þeim og skýrist það fyrst og fremst af því að mælitæki þess tíma voru ekki eins nákvæm og þau tæki sem eru nú í notkun. Að auki höfðu ýms umhverfisáhrif, t.d. skýjafar, háir fjallgarðar, osfrv. meiri áhrif á tækin sem svo jók á innbyggð skekkjumörk þeirra. Þetta sýnir nauðsyn þess að farið verði yfir alla skráninguna frá 1997 og mælingarnar uppfærðar.

Vettvangvinnan sýndi að flestar minjarnar sem skráðar voru hafa ekki orðið fyrir raski og standa enn óhaggaðar. Samt sem áður kom í ljós að þrjár minjar höfðu orðið fyrir raski, tvær af náttúrulegum orsökum en sú þriðja af mannavöldum. Byrgi (139045-5) og stekkur (139045-6) höfðu síðan 1997 fallið saman og gróið yfir. Öskuhaugur (139045-7) sem skráður var árið 1997 sýndi þá þegar ummerki um rask af mannavöldum en síðan þá hefur hann verið sléttaður út og ekki sáust nein ummerki um hann við bæjarstæðið.

## Töflur

| id | x      | y      | Jörð | Sérheiti   | HLUTVERK   | TEGUND        | Aldur_frá | Aldur_til | Nákvæmni  | Ástand                  | Hættumat    |
|----|--------|--------|------|------------|------------|---------------|-----------|-----------|-----------|-------------------------|-------------|
| 1  | 309549 | 634239 | Ós   | Ós         | Bæjarstæði | Bæjarhóll     | 900       | 1906      | 20 metrar | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |
| 2  | 309588 | 634239 | Ós   | Óþekkt     | Útihús     | Óþekkt        | 1800      | 1920      | 2 metrar  | Ógreinilegt             | Engin hætta |
| 3  | 309591 | 634178 | Ós   | Óþekkt     | Útihús     | Fjárhús/hlaða | 1800      | 1920      | 2 metrar  | Hleðslur útflattar      | Engin hætta |
| 4  | 309581 | 634167 | Ós   | Óþekkt     | Útihús     | Óþekkt        | 1800      | 1920      | 2 metrar  | Hleðslur grónar         | Engin hætta |
| 5  | 309418 | 633461 | Ós   | Óþekkt     | Byrgi      | Byrgi         | 1900      | 1930      | 2 metrar  | Hleðslur ógreinilegar   | Engin hætta |
| 6  | 309636 | 634210 | Ós   | Óþekkt     | Rétt       | Stekkur       | 1800      | 1920      | 2 metrar  | Hleðslur ógreinilegar   | Engin hætta |
| 7  | 309577 | 634217 | Ós   | Óþekkt     | Öskuhaugur | Öskuhaugur    | 1700      | 2000      | 2 metrar  | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |
| 8  | 309574 | 634253 | Ós   | Óþekkt     | Brunnur    | Brunnur       | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 9  | 309846 | 634560 | Ós   | Óþekkt     | Hjallur    | Fiskhjallur   | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 10 | 309718 | 634492 | Ós   | Óþekkt     | Hjallur    | Fiskhjallur   | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 11 | 309876 | 634500 | Ós   | Óþekkt     | Rétt       | Stekkur       | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 12 | 309876 | 634442 | Ós   | Óþekkt     | Rétt       | Stekkur       | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 13 | 309656 | 634319 | Ós   | Óþekkt     | Hjallur    | Fiskhjallur   | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 14 | 309669 | 634355 | Ós   | Óþekkt     | Hjallur    | Fiskhjallur   | 1800      | 1900      | 2 metrar  | Hleðslur standa         | Engin hætta |
| 15 | 309855 | 634612 | Ós   | Ósvör      | Verstöð    | Heimver       | 1600      | 1900      | 2 metrar  | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |
| 16 | 310137 | 634824 | Ós   | Landbúavör | Heimild    | Þjóðsaga      | 1700      | 1800      | 2 metrar  | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |
| 17 | 308999 | 632657 | Ós   | Marðareyri | Heimild    | Tóft          | 1700      | 1900      | 2 metrar  | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |
| 18 | 312030 | 633644 | Ós   | Kálfadalur | Verstöð    | Útver         | 1500      | 1900      | 2 metrar  | Ekki sést til fornleifa | Engin hætta |

Tafla 1. Skrá yfir minjastaði í landi Óss.

## Kort



Mynd 1. Skráðir minjastaðir í við bæjarstæði Óss.



Mynd 2. Skráðir minjastaðir í landi Óss.

## Heimildaskrá

### **Prentaðar heimildir**

Árni Magnússon & Páll Vídalín (1940) *Jarðabók 7. Bind*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum* I-XIV, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Ragnar Edvardsson (1997). Fornleifaskráning í Bolungarvík, annar hluti. Bolungarvík 1997.

*Sóknarlýsingar Vestfjarða* (1952). Reykjavík: Samband vestfízkra áttugafélaga.

### **Óprentaðar heimildir**

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

Örnefnaskrá Óss